



Bæjarráð Hafnarfjarðar
B/t Rósu Guðbjartsdóttur
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 17.01.2022

Varðandi lóðirnar Tunguhellu 1-7

Undirritaður fyrir hönd Gröfu og Grjót ehf. kt. 580202-2090 lýsir áhuga að fá vilyrði fyrir úthlutun á lóðunum að Tunguhellu 1-7 sem tilheyra seinni hluta 3. áfanga að Hellnahrauni.

Grafa og Grjót hefur í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ unnið að endurvinnslu á burðarhæfu og endurnýtanlegu jarðefni á lóðunum. Hafnarfjarðbær og verktakar í Hafnarfirði hafa fengið að losa jarðefni á svæðinu án endurgjalds.

Áhersla verkefnisins er á sjálfbæra nýtingu þar sem mengun er í lágmarki og umhverfissvöktun er virk. Verkefnið stuðlar að hringrásarhagkerfi, auðlindir eru nýttar þar sem búin eru til verðmæti úr efni sem annars væri ekki nýtt. Verkefnið hefur jafnframt jákvæð umhverfisáhrif þar sem að það felur í sér minni mengun, minna kolefnisspor, minna vegslit og minna grjótnám.

Til að tryggja áframhaldandi starfsemi efnisvinnslunnar óskar Grafa og Grjót eftir vilyrði fyrir úthlutun á lóðunum á Tunguhellu 1,3,5 og 7, samtals um 14.300 m².

Að efnisvinnslunni lokinni hyggst Grafa og Grjót reisa húsnæði fyrir framtíðarstarfsemi félagsins á lóðunum.

Grafa og Grjót ehf. var stofnað árið 2002 og hefur sinnt margvíslegum jarðvinnuverkefnum í gegnum árin og býr yfir mikilli reynslu á sviði jarðvinnuframkvæmda. Félagið er eigu Alfa Framtaks í gegnum sjóðinn AU 5 kt. 681218-0170 og Sigurðar Gylfasonar kt. 200770-3079.

Með von um jákvæðar undirtektir á erindið svo hægt sé að tryggja rekstur efnisvinnslunnar og framtíðarstaðsetningu Gröfu og Grjóts ehf.

Virðingarfyllst,
F.h. Gröfu og Grjóts

Sigurður Gylfason, framkvæmdarstjóri